

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Skagafirði.

*Deiliskipulag – Borgargerði 4, Borgarsveit.*

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 27. fundi sínum 15. maí 2024 tillögu að deiliskipulagi fyrir Borgargerði 4 í Borgarsveit.

Skipulagssvæðið afmarkast af landamerkjum Borgargerðis 4 sem afmarkast af Borgargerði 3 að sunnanverðu, Borgargerði 1 og Borgargerði lóð að vestan, Sjávarborgarvegi (7475) að norðan og Sjávarborg 3 austan. Hnitsett landamerki á móti Sjávarborg 3, Borgargerði 1 og 3 hafa ekki verið staðfest af landeigendum. Landamerki Borgargerðis 4 að norðan fylgja miðjum Sjávarborgarvegi en skipulagssvæðið nær að veginum. Svæðið er um 19,5 ha að stærð. Deiliskipulagið er sett fram á skipulagsupprætti með greinargerð, uppdrátturinn sýnir staðsetningu lóðamarka, byggingarreita, vegtengingar og aðkomu að byggingum, ásamt helstu byggingarskilmálum. Skipulagið gerir ráð fyrir tveimur nýjum lóðum, tveimur byggingarreitum fyrir íbúðarhús og bílskúr og einum fyrir hesthúsi og reiðskemmu.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Skagafirði, 11. júlí 2024.*

**Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 25. júlí 2024